

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um akstursþjónustu fatlaðs fólks

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Við alla framkvæmd, beitingu og túlkun reglna þessara skal tryggt að farið sé eftir samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. lög nr. 80/2025, með sérstaka áherslu á jafnt aðgengi, persónulegan hreyfanleika og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar.

Á grundvelli samnings sinnir velferðarsvið Sveitarfélags Hornafjarðar þjónustu við íbúa sveitarfélagsins samkvæmt reglum þessum, í samræmi við leiðbeiningar stjórnvalda á hverjum tíma.

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Markmið með akstursþjónustu fatlaðs fólks er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á akstursþjónustu á vegum sveitarfélagsins vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

II. kafli

Umsókn um þjónustu og réttur til þjónustu

2. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um akstursþjónustu skal berast í gegnum íbúagátt á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn s.s. læknisvottorð eða greining á fötlun. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks þjónar þeim sem hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði og geta ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar.

Umsækjandi um akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum skal uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða

- Er hreyfihamlaður og/eða þarf að nota hjólastól
- Er blindur og getur ekki notað önnur farartæki
- Er ófær um að nota almenningsfarartæki vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Skilyrði fyrir veitingu akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum er að fötlun umsækjanda falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þegar umsækjandi nýtur styrkja til bifreiðakaupa eða reksturs bifreiðar frá Tryggingastofnun, skal við einstaklingsbundið mat skoðað hvort og að hvaða marki viðkomandi geti nýtt eigin bifreið til að mæta akstursþörf sinni. Slíkir styrkir útiloka ekki sjálfkrafa rétt til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum,

sé sýnt fram á að umsækjandi geti ekki nýtt eigin bifreið til tiltekinna nauðsynlegra ferða vegna færðar, færni, aðstoðarþarfar eða annarra málefnaðgra aðstæðna.

Þjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt óháð aldri umsækjanda, enda uppfylli hann skilyrði laga nr. 38/2018 um langvarandi stuðningsþarfir vegna fötlunar sinnar.

3.gr.

Akstursþjónusta fyrir börn.

Forsjáraðilar fatlaðra barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum. Barn yngra en 6 ára skal ávallt vera í fylgd með fullorðnum einstaklingi þegar ferðast er með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það ábyrgð foreldra að útvega hann. Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelur í lengri viðveru á vegum skólans.

4. gr.

Gildistími umsóknar

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörfum hvers og eins. Matsnefnd Þjónustunnar heim metur umsóknir og hefur heimild til að taka tillit til tímabundinna eða sérstakra aðstæðna, sem metnar eru sérstaklega hverju sinni. Niðurstaða umsóknar er kynnt bréf leiðis og/eða inná á mínu svæði á íbúagátt. Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt er framkvæmd þjónustunnar í umsjá starfsmanna stuðnings- og virkniþjónustu.

Umsókn um undanþágu vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna fjölda ferða og tímabundinna veikinda skal berast í gegnum íbúagátt á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Heimilt er að kalla eftir nauðsynlegum gögnum s.s. læknisvottorði, og greiningu á fötlun og upplýsingum um styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa eða reksturs bifreiðar.

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af niðurstöðum þjónustumats og er því einstaklingsbundið til hvers langs tíma þjónustan er samþykkt. Ef um varanlega hreyfihömlun er að ræða er heimilt að samþykkja umsókn ótímabundið. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir akstursþjónustu.

III. kafli

Framkvæmd akstursþjónustunnar

5. gr.

Þjónustutími

Akstursþjónusta fatlaðra er í boði á eftirtöldum tímum:

- Virka daga frá kl. 8:00 til kl. 22:00.
- Um helgar frá kl. 10:00 til kl. 22:00.

Akstur á stórhátíðardögum er eins og á sunnudögum að undanskildum aðfanga- og gamlársdegi. Þá daga er akstursþjónusta til kl. 17:00 og aftur frá kl.: 20-22. Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

Í tengslum við sérstaka menningar-, félags- eða hátíðarviðburði, eða þegar sérstakar félagslegar aðstæður krefjast þess, er stjórnanda stuðnings- og virkniþjónustu heimilt að veita undanþágu og lengja



Þjónustutímann fram yfir kl. 22:00 að fenginni beiðni notanda með hæfilegum fyrirvara. Kappkosta skal að mæta þörfum notenda vegna ferða á aðfangadagskvöld og gamlárskvöld og bjóða upp á akstursþjónustu eftir miðnætti á gamlársgang samkvæmt nánara skipulagi.

6. gr.

Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars innan þjónustusvæðis.

Notandi skal vera tilbúinn til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notanda. Í sérstökum neyðartilvikum, s.s. vegna alvarlegrar vetrarófærðar, óveðurs eða bráðs heilsubrests notanda, er stjórnanda stuðnings- og virkniþjónustu þó heimilt að veita tímabundna undanþágu og fela starfsmanni að flytja nauðsynjar, matvörur eða lyf heim til notandans.

Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrir fram hve viðtalið tæki langan tíma.

Akstursþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

7. gr.

Pantanir/afpantanir

Notendur panta ferðir símleiðis og tekið er á móti pöntunum alla virka daga frá 8:00 - 15:30. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. dags fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er. Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða þjálfunar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða. Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningar tilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

8. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn

Notendum er heimilt að hafa með sér annan farþega sé það tekið fram þegar pantað er og greiðir notandinn þá sama verð fyrir hann. Börn undir tíu ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati matsnefndar er hægt að krefjast þess að aðstoðarmaður fylgi notanda. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

9. gr.

Gjaldtaka og þjónustusvæði

Gjald fyrir akstursþjónustu fatlaðra skal miðast við gjaldskrá velferðarsviðs um akstursþjónustu fatlaðra sem samþykkt er í bæjarstjórn í janúar ár hvert.

Þjónustusvæði akstursþjónustunnar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Þjónustuveitanda er heimilt að sérsníða þjónustu sem fer fram fjærst þéttbýlinu Höfn.

Heildar fjöldi ferða tekur mið af þörfum hvers og eins. Þó skal ávallt tryggt að engin hámarkstakmörk séu lögð á fjölda ferða sem notandi þarf að nýta vegna atvinnu, náms, reglulegrar læknisþjónustu eða endurhæfingar.

10. gr.

Breyting á færni eða aðstæðum

Umsækjanda ber að senda inn nýja umsókn hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans sem geta komið til breytinga á þjónustu.

11. gr.

Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal hafa ökuréttindi, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem bætt gera öryggi þjónustuþega. Fyrir ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá.

Ökumaður skal jafnframt sitja námskeið á vegum sveitarfélagsins um þjónustu við fatlað fólk, til þess að vera vel búinn undir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni við þjónustuna.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir fatlað fólk sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

IV. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

12. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um akstursþjónustu fatlaðra hefur borist. Sama á við ef matsnefnd berast upplýsingar um nauðsyn á akstursþjónustu með öðrum hætti.

Matsnefnd skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

13. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn

fatlaða sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

14. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu, er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

15. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal matsnefnd bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal matsnefnd einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu fatlaðra.

16. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn stuðnings- og virkniþjónustu taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til stjórnanda stuðnings- og virkniþjónustu.

Velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarsviðs innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

17. gr.

Kynning á ákvörðun um akstursþjónustu fatlaðra

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um akstursþjónustu fatlaðra fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarnefndar frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina.

Taki velferðarnefnd mál til umfjöllunar skal niðurstaða hennar kynnt umsækjanda skriflega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

18. gr.*Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála
Áfryjun*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borsit úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

19. gr.*Gæðaeftirlit og kvartanir til Gæða- og eftirlitsstofnunar*

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum og öryggi þeirrar akstursþjónustu sem veitt er á grundvelli reglna þessara, sbr. lög nr. 88/2021.

Notendur þjónustunnar eiga rétt á að beina formlegri kvörtun yfir gæðum, öryggi, búnaði ökutækja eða framkomu starfsfólks akstursþjónustunnar til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, náist ekki sátt með samtali við stjórnanda stuðnings- og virkniþjónustu eða sviðsstjóra velferðarsviðs.

20. gr.*Endurupptaka*

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

21. gr.*Gildistaka*

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt þeirra í bæjarstjórn.

Endurskoðun reglnanna var til umfjöllunar í velferðarnefnd 18.8.2026, bæjarráði 25.8.2026 og að lokum samþykktar í bæjarstjórn 10.9.2026